



## Fundargerð

360. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
Fimmtudaginn 9. janúar 2014 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka eitt mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 359. fundur sveitarstjórnar 12. desember 2013.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skipulags- og bygginganefnd 6. janúar 2014.

##### 1. 1401002 – Gjaldskrár 2014.

*Vísað í bókun 1. máls á dagskrá undir liðnum mál til afgreiðslu, hér fyrir neðan. Sveitarstjórn samþykkir að reglugerð sveitarfélagsins um Vatnsveitu Reykhólahrepps nr. 416/1991 verði endurskoðuð og felur skipulags- og bygginganefnd í samvinnu við sveitarstjóra að vinna í málinu. Samþykkt samhljóða.*

##### 2. 1401008 – Hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn, endurnýjun.

*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1401002 – Gjaldskrár og álagning árið 2014.

*Lagt fram álagningarákvæði fasteignaskatts fyrir árið 2014.*

*Álagningarákvæði helst óbreytt.*

*Fasteignaskattur A 0,50%*

*Fasteignaskattur B 1,32%*

*Fasteignaskattur C 1,65%*

*Gjalddagar fasteignagjalda eru fjórir, 10. mars, 10. apríl, 10. maí og 10. júní 2014.*

*Nema ef álagning minni en 10 þús. kr. er einn gjalddagi 10. mars 2014 og ef álagning er 10.001 kr. til 20.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. mars og 10. apríl 2014.*

*Sveitarstjórn veitir afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega sem nemur 100% af fasteignagjöldum ef árstekjur fara ekki yfir ákveðna upphæð og er sá afsláttur aðeins veittur af einni íbúð hvers gjaldenda og þarf að hafa lögheimili í*

íbúðinni. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps ákveður upphæð hámarks árstekna. Ekki þarf að sækja sérstaklega um afsláttinn.

Álagningarákvæði fasteignaskatts fyrir árið 2014 samþykkt samhljóða.

Lagðar eru fram gjaldskrár fyrir þjónustu árið 2014.

1. **Gjaldskrá Reykhólahafnar.**  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli desember 2012 og desember 2013 úr 402,2 í 418,9 stig. Gjaldskráin hefur áður verið samþykkt í skipulags- og bygginganefnd. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
2. **Gjaldskrá Vatnsveitu Reykhólahrepps.**  
Vatnsgjald helst óbreytt 0,50% af heildar fasteignamati eignar og innheimtist með fasteignarskatti.  
Önnur gjöld hækkar sem nemur breytingu á vísitölu byggingakostnaðar sem í desember var 119,3 stig (ranglega bókað 419 stig í samþykkt skipulags- og bygginganefndar). Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
3. **Gjaldskrá Fráveitu Reykhólahrepps.**  
Gjaldskrá lögð fram eins og hún var samþykkt í skipulags- og bygginganefnd. Fráveitugjald helst óbreytt 0,20% af heildar fasteignamati eignar og innheimtist með fasteignarskatti.  
Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða.
4. **Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.**  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára, úr 402,2 stigum í 418,9 stig. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
5. **Gjaldskrá fyrir mótuneyti Reykhólahrepps.**  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára, úr 402,2 stigum í 418,9 stig. Nýtt verð í gjaldskrá er verð fyrir stakar máltíðir fyrir allt starfsfólk sveitarfélagsins. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
6. **Gjaldskrá vegna útleigu á húsnæði Reykhólaskóla.**  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára úr 402,2 stigum í 418,9 stig. Nýtt gjald í gjaldskránni er gjald fyrir klst. leigu á matsal og íþróttahúsi vegna menningartengdrar starfsemi. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
7. **Gjaldskrá Grettislaugar.**  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára úr 402,2 stigum í 418,9 stig. Sveitarstjórn fellur niður gjaldskyldu fyrir börn á aldrinum 0-17 ára. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
8. **Gjaldskrá tjaldsvæðis við Grettislaug.**  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára úr 402,2 stigum í 418,9 stig. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
9. **Gjaldskrá bókasafns Reykhólahrepps.**  
Gjaldskráin hækkar sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára úr 402,2 stigum í 418,9 stig. Nýtt verð í gjaldskrá er leiga á bókasafni vegna funda kr. 12.000 dagurinn. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að láta birta gjaldskrá vegna Reykhólahafnar, vatnsveitu, fráveitu og meðhöndlun úrgangs í B-deild Stjórnartíðinda. Allar gjaldskrár skulu birtar á vef sveitarfélagsins.

**2. 1312003 – Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð.**

Svar við bréfi sveitarstjóra og fundarboð á kynningarfund þann 16. janúar 2014.

Umsagnarfrestur er lengdur þar til eftir kynningarfund sem haldinn verður fyrir sveitarfélögin sem koma að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð í Stykkishólmi þann 16. janúar 2014.

*Varaoddvita og sveitarstjóra falið að mæta á fundinn fyrir hönd Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.*

**3. 1108013 – Umhverfissvottaðir Vestfirðir.**

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfirðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti. Erindi og stefna frá verkefnastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga 18. desember 2013.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á Vestfirðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti samhljóða.*

**4. 1401001 – Ósk um heimild til að afskrifa óinnheimtanleg þing- og sveitar-sjóðsgjöld.**

Erindi frá embætti Sýslumannsins á Patreksfirði dagsett 11. desember 2013.

*Erindi samþykkt samhljóða.*

**5. 1401012 – Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, mál 169 og flutning stjórnsýslu um málefni hreindýra, mál 202.**

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 6. janúar 2014.

*Sveitarstjórn veitir ekki umsögn.*

**Til kynningar**

**6. 1312005 – Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs, mál 215.**

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 23. desember 2013.

*Lagt fram og kynnt.*

**7. 1401003 – Auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna.**

Auglýsing birt af Innanríkisráðuneytinu í Stjórnartíðindum 4. desember 2013.

*Lagt fram og kynnt.*

**8. 1401004 – Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 13. desember 2013.**

*Fundargerð lögð fram.*

**9. 1401005 – Fundargerð 811. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerð lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:**

**1. 1401014 – Umsókn um styrk vegna smíði báts frá 15. öld.**

Erindi frá Hjalta Hafþórssyni dagsett 8. janúar 2013.

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 100.000 kr. með þremur atkvæðum gegn einu EK. GJO sat hjá.

Sveitarstjóri kom aftur inn á fund.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.13.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____